

Nd.

166. Frumvarp til laga

[101. mál]

um þingfararkaup alþingismanna.

Flm.: Jón Pálmason, Eiríkur Þorsteinsson, Jónas Rafnar.

1. gr.

Alþingismenn hafa dagkaup þann tíma, sem þing stendur, og er það 130 krónur á dag, auk fullrar verðlagsupphótar, meðan hún er greidd. Sama kaup skal þeim greitt fyrir þann tíma, sem fer til ferðalaga heiman að til þings og heim af þingi.

Sameinað Alþingi kýs hlutfallskosningu í byrjun hvers þings 5 manna nefnd, þingfararkaupsnefnd, er úrskurðar þingfararkauptsreikninga alþingismanna, en forsetar ávísa fjárhæðunum úr rikissjóði.

2. gr.

Ríkisstjórnin sér hverjum alþingismanni, sem verður vegna fjarlægðar frá heimili sínu að hafa dvalarstað í Reykjavík um þingtímann, fyrir leigulausum bústað, meðan á þingi stendur. Þeir þingmenn, sem kjósa að sjá sér sjálfir fyrir húsnæði, skulu fá leigu fyrir það endurgreidda eftir mati þingfararkaupsnefndar.

3. gr.

Ferðakostnað og dvalarkostnað (fæðispeninga), á meðan þing stendur, fá alþingismenn, sem eigi búa á heimili sínu, endurgoldinn eftir reikningi, er þingfararkaupsnefnd úrskurðar.

4. gr.

Þeir fyrrverandi alþingismenn, sem hafa átt sæti á Alþingi að minnsta kosti 3 kjörtímabil samfleytt eða í 15 ár hið minnsta samanlagt, skulu eiga rétt til eftirlauna úr rikissjóði, og skulu þau vera jafnhá hámarkslífeyri skrifstofustjóra í stjórnarráðinu. Þeir, sem eiga rétt til lífeyris vegna annarra starfa, skulu þó ekki fá eftirlaun fyrr en þeir láta af því starfi. Slíkur lífeyrir skal koma til frádráttar eftirlaunum. Ef lífeyririnn er jafnhár eða hærrí eftirlaununum, falla þau niður.

Ekkjur alþingismanna, sem eftirlauna njóta, hafa tilsvarendi rétt.

5. gr.

Nú getur alþingismaður ekki gegnt þingstörfum vegna veikinda, og skal hann eigi að síður njóta þingfararkaups, á meðan hann er forfallaður af þessum sökum, þó eigi lengur en til loka kjörtímabilsins.

6. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 36 28. nóv. 1919, um þingfararkaup alþingismanna, og lög nr. 9 13. febr. 1943, um breyting á þeim lögum.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og skal reikna kaup alþingismanna samkvæmt þeim á reglulegu Alþingi árið 1953.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er samið af þingfararkaupsnefnd, og er nefndin öll sammála um það, þó að tveir nefndarmenn geti eigi verið flutningsmenn, af því að þeir eiga sæti í efri deild. Er frumvarpið flutt vegna þess, að sú afgreiðsla, sem þessi mál hafa fengið á undanförunum árum, hefur verið nokkuð á reiki, og einnig vegna hins, að á síðustu árum hefur stefnt meir og meir í þá átt að útiloka fátæka menn og ólaun-
aða frá því að keppa um þingsæti og sitja á þingi.

Nánar í framsögu.